

Minnisblað; starfshópur um endurskipulag almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum.

Forsaga, almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur með samningi við Vegagerðina allt frá árinu 2012 haft umsjón með almenningsamgöngum sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum. Nánar tiltekið á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar og Súðavíkur og Ísafjarðar, auk aksturs á Ísafjarðarflugvöll frá Bolungarvík. Samningur Fjórðungssambands og Vegagerðarinnar rennur út um komandi áramót og tekur Vegagerðin við umsjón með verkefninu. Ísafjarðabær og Bolungarvíkurkaupstaður hafa samhliða rekið frístundarútu sem sinnt hefur akstri með börn á íþróttæfingar. Ísafjarðarbær rekur síðan almenningsamgöngur sem tengja Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Hnífsdal, Holtahverfi og Eyrina í Skutulsfirði auk skólaaksturs. Sveitarfélögin skipuleggja einnig akstur með fatlað fólk

Ísafjarðarbær hefur óskað eftir samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkuhrepp um endurskoðun á framkvæmd almenningsamgangna á milli þessara sveitarfélaga. Eins hefur Ísafjarðarbær óskað eftir aðkomu Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vegagerðarinnar að þessu verkefni.

Í tillögu sem samþykkt var á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 25. nóvember segir

Íbúar Ísafjarðarbæjar hafa í þó nokkur ár kallað eftir betri lausnum í almenningsamgöngum á milli byggðarkjarna í Ísafjarðarbæ m.a. svo börn geti sótt íþróttæfingar og aðrir tómsundur, svo eitthvað sé nefnt. Eins og staðan er í dag býður sveitarfélagið upp á 4-6 ferðir á dag á virkum dögum á milli Ísafjarðar og Hnífsdals/Holtahverfis/Flateyri/Suðureyri/Þingeyri. Íbúum finnst þeir oft þurfa að bíða lengi eftir að komast heim eftir að erindum/æfingum hefur verið sinnt. Það er því tímabært að taka almenningsamgöngur í Ísafjarðarbæ til endurskoðunar. Jafnframt er vert að skoða málið í víðara samhengi og kanna hvort áhugi sé á samstarfi í almenningsamgöngum milli sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Nú eru t.d. börn frá Ísafjarðarbæ að sækja íþróttæfingar í Bolungarvík og nota svokallaða frístundarútu til þess. Með bættum almenningsamgöngum sjá jafnvel íbúar í Súðavík tækifæri til að iðka tómsundur og sækja þjónustu sem ekki eru í boði í þeirra sveitarfélagi.

Markmið stjórnvalda

Stjórnvöld leggja nú áherslu á eflingu almenningsamgangna sem hluta af samgöngukerfis landsins og sem lið í loftlagsmarkmiðum. Verkefnið er tilgreint í ríkisstjórnarsáttmála og í tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun 2020-2034 er gert að tillögu, að sett verði í fyrsta sinn heildarstefna í almenningsamgöngum milli byggða. Slík stefna eigi að stuðla að öllum markmiðum samgönguáætlunar verði náð. Markmið um; greiðar samgöngur, öruggar

samgöngur, hagkvæmar samgöngur, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og um jákvæða byggðapróun.

Í tillögu að þingsályktun að samgönguáætlun 2020-2034 eru síðan lagðar fram tillögur að verkefnum til að ná markmiðum áætlunarinnar. Þar er m.a. vísað til skýrslu Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis “Ferðumst saman” frá janúar 2019. Í skýrslunni er lagt til að stjórnvöld stuðli að tvíþættu þjónustustigi í uppbyggingu almenningsamgangna, annars vegar með vinnu og skólasóknartengingu¹ með tíðri daglegri tengingu innan takmarkaðs svæðis. Hinsvegar “félagsleg tenging” þ.e. tenging yfir lengri leiðir til kjarna til að sækja þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu og verslun.

Vegagerðin tekur að nýju við skipulag almenningsamgana í byrjun árs 2020 frá landshlutasamtökum sveitarfélaga, sem tóku við verkefninu frá Vegagerðinni á árinu 2012. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa lagt áherslu á að vera Vegagerðinni til ráðgjafar um skipulag mála í héraði. Vegna skamms fyrirvara á yfirtöku á verkefninu þá mun Vegagerðin framlengja núverandi samninga um akstur verktaka, en nýta árið 2020 til að skoða forsendur og endurskipulag kerfisins.

Almenningsamgöngur og staða byggðarlaga og atvinnulífs

Uppbygging samhæfs almenningsamgöngukerfis á norðanverðum Vestfjörðum væri áhugavert verkefni horft til vinnusóknarsvæðis og félagslegrar tengingar, þar saman fara fjöldi byggðarlaga í vinnusóknarfjarlægð og eða þjónustufjarlægð. Á síðustu fimm árum hefur íbúapróun verið jákvæð, með hægri fjölgun íbúa eftir áratuga fækkun þeirra. Fiskeldi, ferðaþjónusta og nýsköpun í hliðargreinum hefðbundinna atvinnugreina hafa skapað ný atvinnutækifæri og von er á meiri fjölgun þar.

Alls bjuggu þann 1. janúar 2019 tæplega 5.000 manns á norðanverðum Vestfjörðum í sjö byggðarlögum (hverfum), þar af fimm byggðarlög með frá 170 til 270 íbúa og tvö síðan 930 til 2.700 íbúa. Fjarlægðir á milli þessara byggðarlaga/hverfa eru frá 3 til 63 km. Auk vinnusóknar á milli þessara byggðarlaga þá treysta íbúar minni byggðarlaga að miklu leyti á þjónustusókn í stærri kjarna s.s. heilbrigðisþjónstu og framhaldsskóla.

Vísa ber hér einnig til markmiða Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 um eflingu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum og markmiða í Byggðáætlun 2018-2024 um aukið aðgengi að þjónustu og stuðning við almenningsamgöngur um land allt. Það styður einnig verkefnið að

¹ Vinnusóknartenging Tenging innan vinnu- og skólasóknarsvæða verður að lágmarki að tryggja að farþegar komist í vinnu eða skóla að morgni og aftur heim síðdegis. Tenging við landsbyggðakjarna eða höfuðborgarsvæðið er meira samfélagslegs eðlis og þarf ekki að vera svo tíð þó æskilegt væri að að minnsta kosti einu sinni í viku væri hægt að komast fram og til baka sama dag.

sveitarfélög á Vestfjörðum hafa lýst áhuga á auknu samstarf þeirra á milli m.a. með samþykkt ályktana þess efnis á 4. Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga í október s.l..

Skipan verkefnahóps.

Á grundvelli ályktunar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar er hér gert að tillögu að skipaður verði verkefnahópur Bolungarvíkurkaupstaðar, Fjórðungssambands Vestfirðinga, Ísafjarðarbæjar, Súðavíkurhrepps og Vegagerðar.

Verkefni starfshópsins verði að;

- greina eftirspurn hjá íbúum, fyrirtækjum og stofnunum og spá fyrir um eftirspurn eftir almenningssamgöngum á gildistíma samgönguáætlunar til ársins 2034.
- greini markmið áætlana stjórnvalda og sveitarfélaga í almenningssamgöngum
- greini kostnað við rekstur og fjármögnun almenningssamgangna
- afli upplýsinga um skipulag almenningssamgangna á sambærilegum starfssvæðum og þróun í samgöngutækni í almenningssamgöngum
- móti tillögu að samhæfðu almenningssamgöngukerfi á grundvelli greininga. Tillagan verði skipt í skilgreinda áfanga og geri kleift að hrinda sem fyrst í framkvæmd breytingum á núverandi almenningssamgöngukerfi.

Kostnaðarrammi, starfstími.

Greina þarf kostnaðarramma nánar og skipta í aðkeypta ráðgjöf og síðan vinnuframlag sérfræðinga Vegagerðar og sérfræðinga sveitarfélaga s.s. tæknideilda.

Fyrsta mat á þessum þáttum er að starfshópur vinni í þrjá mánuði og skili tillögu til sveitarstjórna og Vegagerðar. Áætlaður kostnaður geti numið 8 til 10 mkr, þar af væri aðkeypt vinna um helmingur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er með óráðstafað fjármagn af almenningssamgöngum á síðustu árum og er tilbúið að leggja allt að 4 mkr til verkefnisins.

Ísafirði 12. desember 2019

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.